



Reglur fyrir Deildakeppni Badmintonsambands Íslands

1. grein

Deildakeppni Badmintonsambands Íslands (BSÍ) í badminton er liðakeppni félaga / héraðs-sambanda innan vébanda ÍSÍ. Hverju félagi / héraðssambandi er heimilt að senda eitt eða fleiri lið í keppnina. Einnig geta félög / héraðssambönd sameinast um lið. Heimilt er að auðkenna liðin með nafni, ásamt heiti félags / héraðssambands.

2. grein

Leik- og keppnisreglur:

Leikið skal hverju sinni eftir samþykktum alþjóðareglum og samkvæmt skipulagsreglum BSÍ um keppni þessa.

3. grein

Þátttakendur:

- Öll félög sem taka þátt skulu vera aðildarfélög BSÍ. Í hverri viðureign tveggja liða skulu að hámarki tveir erlendir ríkisborgarar eða aðilar sem ekki hafa haft samfellda búsetu hérlandis með lögheimili á Íslandi síðastliðna 12 mánuði spila fyrir hvort lið.
- Erlend lið geta fengið leyfi BSÍ til þátttöku. Þau keppa á jafnréttisgrunni við önnur lið í keppninni, en geta þó ekki hlotið Íslandsmeistaratitil. Þann titil hlýtur það lið frá íslensku félagi sem stendur sig best í viðkomandi deild.
- Allir keppendur hafa rétt á að keppa í meistaraflokki.
- Í A-flokki geta allir keppt nema meistaraflokksleikmenn. Leikmenn meistaraflokks sem eru 40 ára á árinu eða eldri geta valið um að keppa í A-flokki.
- Í B-flokki geta allir keppt nema meistaraflokks- og A-flokks leikmenn. Leikmenn A-flokks sem eru 40 ára á árinu eða eldri, geta valið um að keppa í B-flokki.
- Leikmenn sem hafa verið skráðir á einhverjum tímapunkti í M.fl geta ekki keppt í B.flokki (samþykkt af stjórn BSÍ, janúar 2018)

4. grein

Flokkaskipting:

- Í keppninni eru þrjár deildir: Meistaradeild, A-deild og B-deild.

5. grein

Flokkatilhögun:

- **Meistaradeild.** Keppnin er opin öllum liðum. Keppni tveggja liða eru samtals 8 leikir sem hér segir:
 - 3 einliðaleikir karla í styrkleikaröð
 - 1 einliðaleikur kvenna
 - 2 tvíliðaleikir karla í styrkleikaröð
 - 1 tvíliðaleikur kvenna
 - 1 tvenndarleikurSigur í hverri keppni gefur 2 stig. Jafntefli gefur 1 stig. Sigurlið er Íslandsmeistari í Meistaradeild. Leikmannafjöldi þarf að vera að lágmarki fjórir karlar og tvær konur.
- **A-deild.** Keppnin er opin öllum liðum án Meistaraflokksleikmanna. Keppni tveggja liða eru samtals 8 leikir sem hér segir:
 - 2 einliðaleikir karla í styrkleikaröð
 - 1 einliðaleikur kvenna
 - 2 tvíliðaleikir karla
 - 1 tvíliðaleikur kvenna
 - 2 tvenndarleikirSigur í hverri keppni gefur 2 stig. Jafntefli gefur 1 stig. Sigurliðið er Íslandsmeistari í A-deild. Leikmannafjöldi þarf að vera að lágmarki fjórir karlar og þrjár konur.
- **B-deild.** Keppnin er opin öllum liðum án Meistaraflokks- eða A-flokks leikmanna. Keppni tveggja liða eru samtals 8 leikir sem hér segir:
 - 2 einliðaleikir karla í styrkleikaröð
 - 1 einliðaleikur kvenna
 - 2 tvíliðaleikir karla
 - 1 tvíliðaleikur kvenna
 - 2 tvenndarleikirSigur í hverri keppni gefur 2 stig. Jafntefli gefur 1 stig. Sigurliðið er Íslandsmeistari í B-deild. Leikmannafjöldi þarf að vera að lágmarki fjórir karlar og þrjár konur.
- Sérhver leikmaður má leika tvo leiki í keppni tveggja liða og þá ekki í sömu grein. Sérhver leikmaður getur aðeins keppt með einu liði. Yfirdómari getur veitt undanþágu á þessari reglu vegna meiðsla eða veikinda. Undanþágu skal ekki veita innan sömu umferðar.
- Sé félag með fleiri en eitt lið er því heimilt að tilkynna varamenn.
- Aðeins skráðir leikmenn á varamannalista geta verið kallaðir inn í lið.
- Að hámarki má kalla inn 2 leikmenn af varamannalista í hverri umferð. Sé leikmaður kallaður inn í lið af varamannalista er leikmaðurinn bundinn því liði og ekki lengur gjaldgengur sem varamaður í önnur lið félagsins.
- Verði lið jöfn að stigum í lok keppninnar ráðast úrslit af fjölda sigurleikja, þá mismun af unnum lotum og töpuðum, en loks af mismun unninna stiga og tapaðra. Ef enn er jafnt skal varpað hlutkesti um úrslitin.

- BSÍ er heimilt að skipta liðum í riðla ef þörf er á, og setja nánari reglur um keppni milli riðlanna. Þá er BSÍ falið að skipuleggja keppnina að öðru leyti, setja reglur um skráningu leikmanna, o.s.frv.

Reglur um Deildakeppni BSÍ voru yfirfarnar og samþykktar í janúar 2018